



5.12.2022

Innviðaráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Umsögn SSA um drög að frumvarpi um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Í samráðsgátt stjórnvalda birtist þann 28. nóvember sl. drög að frumvarpi til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð. Með lögunum er verið að tryggja hagsmuni ríkisins við rekstur og uppbyggingu heildstæðrar þjónustu fyrir millilandaflug sem í felst meðal annars að sjá til þess að til staðar sé varaflugvallarþjónusta fyrir Keflavíkurflugvöll hér á landi. Þá er frumvarpinu ætlað að tryggja reglubundið samráð svo markmiðum laganna sé náð.

Stefnumörkun stjórnvalda á þessu sviði má m.a. finna í flugstefnu fyrir Ísland sem samþykkt var 2020. Þar kemur m.a. fram að ein af áherslum stefnunnar sé: „Öflugt kerfi flugvalla sem svarar þörfum þjóðarinnar“. Einnig kemur fram að í því felist að „stutt verði við uppbyggingu Akureyrar- og Egilsstaðaflugvalla sem alþjóðlegra fluggátta. Við uppbyggingu innviða þar verði lögð áhersla á að þeir mæti sem best þörfum flugrekenda fyrir varaflugvelli hér á landi og Egilsstaðaflugvöllur verði að því leyti í forgangi.“

Ljóst er að frá því að fyrirkomulagi var breytt varðandi varaflugvallagjald fyrir rúmum áratug síðan hefur uppbygging þessara mikilvægu innviða nánast stöðvast. Á sama tíma hefur umferðin um Keflavík vaxið verulega og nýjar atvinnugreinar byggst upp sem reiða sig algjörlega á flugumferð til og frá landinu. Þessar atvinnugreinar skapa stóran hluta af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar og Covid-heimsfaraldurinn var harkaleg áminning um hverjar afleiðingarnar fyrir hagkerfið geta orðið ef flugsamgöngur við landið stöðvast af einhverjum orsökum. **Þjóðhagslega mikilvæga samgönguinnviði eins og Egilsstaðaflugvöll er ekki hægt að byggja upp „eftir á“ þ.e. þegar við erum búin að lenda í þeim aðstæðum að þurfa nauðsynlega á honum að halda. Þá verður skaðinn því miður skeður!** Á þetta hefur Samband sveitarfélaga á Austurlandi og Austurbrú ítrekað bent. Send hafa verið erindi til stjórnvalda nú síðast í kjölfar eldsumbrotanna á Reykjanesskaga. Þá er fjallað um Egilsstaðaflugvöll og mikilvægi hans í nýsamþykktu Svæðisskipulagi Austurlands¹ sem og ályktað var um málið á haustþingi SSA²:

¹ [Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044](#)

² [Ályktanir haustþings SSA 2022](#)



Haustþing SSA haldið á Breiðdalsvík 8-9. september 2022 ítrekar mikilvægi þess að stjórnvöld forgangsraði uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar í takt við aukið mikilvægi hans sem varaflugvallar fyrir Keflavíkurlugvöll á eldsumbrotatímum á Reykjanesinu, sem og tækifæra til aukinna vöru- og farþegaflutninga um völlinn.

Það er ánægjulegt að sjá að nú eigi loksins að bæta úr þeim mistökum sem gerð voru við niðurlagningu á varaflugvallagjaldinu á sínum tíma. Með þessari tillögu er verið að tryggja nauðsynlega fjármögnun og forgang stjórnvalda í uppbyggingu á varaflugvöllum. Gjaldheimta sambærileg þeirri sem lögð er til í frumvarpinu þ.e. á flugmiða, þekkist í flestum ríkjum innan EES sem við berum okkur saman við og hefur gefist vel. **Greining á því hvaða innviðauppbyggingu þarf að ráðast í á Egilsstöðum liggur fyrir og hafa m.a. Ícelandair og FÍA (Félag Íslenskra Atvinnuflugmanna) margsinnis ítrekað forganginn í þessum málum. Með tilkomu þessa frumvarps og innheimtu varaflugvallagjalds þá er ekki eftir neinu að bíða með að hefja uppbyggingu strax árið 2023.** Það er mikilvægt að fjármagnið sem innheimtist á næstu árum verði notað til að vinna bug á þessari áratuga innviðaskuld, með því móti tryggjum við öryggi okkar allra og styrkjum um leið grunnstoðir hagkerfisins.

Fh. SSA

Berglind Harpa Svavasdóttir
Formaður

Jóna Árný Þórðardóttir
Framkvæmdastjóri